

Þróun skjálftavirkni á virkjanasvæðum haustið 2011 til ársloka 2021

Myndin sýnir annars vegar stærð skjálfta og hins vegar uppsafnaðan fjölda skjálfta við Húsmúla á tímabilinu. Skjálftagögnin eru fengin úr skjálftamælakerfi Veðurstofu Íslands. Árið 2021 varð einn skjálfti yfir 3 að stærð á niðurdælingarsvæði virkjana Orku náttúrunnar, en hann fannst í Hveragerði og á höfuðborgarsvæðinu. Ekki voru umtalsverðar breytingar á niðurdælingu sem voru taldar geta valdið aukinni skjálftavirkni árið 2021, og því voru engar tilkynningar sendar til skjálftavaktar Veðurstofu Íslands og Almennavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna breytinga á niðurdælingu.

